


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>ÍSL 203</b>	
Síða 1 af 2	<b>Kennsluáætlun haustönn 2013</b>	

<b>Kennari</b>	Benedikt Bragason	<b>Sk.st.</b>	BEB
----------------	-------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Í áfanganum verður lesin norræn goðafræði og nemendur kynnst hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Nemendur fá kynningu og þjálfun í meðferð heimilda við gerð heimildaritgerða og skrifa verkefni og ritgerð sem byggjast á heimildavinnu. Einnig verður fjallað um mál og málsögu frá frumnorrænum tíma til okkar daga. Loks vinna nemendur starfsumsókn og ferilskrá, lesa eina nýlega skáldsögu og vinna verkefni sem tengjast henni.

### Markmið:

Að nemandi:

- geti skrifað formlega starfsumsókn, auk ferilskrár.
- þekki helstu atriði í sögu norrænnar goðafræði.
- kynnist helstu aðferðum við meðferð tilvitnana, tilvísana og heimilda í ritgerðasmíði.
- læri að vinna heimildaritgerð.
- þekki sögu íslenskrar tungu frá upphafi til okkar daga.
- þekki helstu einkenni íslenskunnar og tengsl hennar við önnur tungumál.
- rifji upp helstu hugtök í bókmenntagreiningu og geti beitt þeim í ræðu og riti.

**Námsgögn:** *Handbók um ritun og frágang* eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal 10. útgáfu (2010), útgefandi Mál og menning.

*Íslensk málsaga* eftir Sölva Sveinsson, 4. útgáfa (200), útgefandi Mál og menning.

Skáldsagan *Skugga-Baldur* eftir Sjón, útgáfa frá 2010, útgefandi Bjartur.

**Einhver útgáfa Gylfaginningar Snorra-Eddu, t.d. netútgáfa Snerpu á**

<http://www.snerpa.is/net/snorri/gylf.htm>.

### Áætlun um yfirferð:

#### 1. lota (1 vika) **23.08- 30.08**


**Handbók um ritun og frágang og efni frá kennara:** *HURF* bls. 12, 19, 45-53, 114-115. Umfjöllun um nám og störf og mikilvægi þess að vandað sé til verka þegar kemur að ferilskrá og umsóknum um starf. Nemendur vinna starfsumsókn og ferilskrá sem gildir **5% af lokaeinkunn**.

#### 2. lota (2 vikur) **02.09-13.09**

**Handbók um ritun og frágang:** *Heimildavinna* bls. 23—27, 38-41, 67-93, 120-122. Farið verður yfir aðferðir við meðferð og frágang heimilda og gerð heimildaskrár. Nemendur vinna stutt heimildaverkefni sem tengist efni heimildaritgerðar þeirra sem unnin er í næstu lotu. **Verkefnið gildir 5% af lokaeinkunn**.

#### 3. lota (3 vikur) **16.09-04.10**

**Handbók um ritun og frágang:** *Heimildaritgerð* bls. 13, 15, 23-27, 28-41, 67-93, 118-128, 132. Áfram verður unnið með heimildaverkefni annarrar lotu og efni þess víkkað út og unnið með ítarlegri hætti. **Ritgerðin gildir 20% af lokaeinkunn**.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>ÍSL 203</b>	
Síða 2 af 2	<b>Kennsluáætlun haustönn 2013</b>	

#### 4. lota (2 vikur) **07.10-18.10**

**Skugga-Baldur:** Sagan lesin og rædd. Lotunni lýkur með verkefni sem gildir 10% af lokaeinkunn.

#### 5. lota (3½ vika) **21.10-09.11**

**Norræn goðafræði**, ýmsar heimildir. Farið verður yfir helstu þætti norrænnar goðafræði, um upphaf heimsins og lok hans, skv. norrænni trú og fjallað um helstu goð og vætti. Ýmis verkefni unnin. **Nemendur halda stuttan fyrirlestur um efnið sem gildir 10% af lokaeinkunn. Efni lotunnar verður til lokaprófs.**

#### 6. lota (3 vikur) **11.11-03.12**

**Íslensk málsaga:** bls. 9-75, 82-85, 101-118, 126-137. Farið verður yfir sögu og einkenni íslensks máls og skyldleika við önnur tungumál. **Nemendur vinna rannsóknarverkefni tengt efni lotunnar sem gildir 10% af lokaeinkunn. Efni lotunnar verður til lokaprófs.**

#### Námsmat og vægi námsþátta

St:arfsumsókn og ferilskrá	5%
Heimildaverkefni	5%
Heimildaritgerð	20%
Verkefni úr <i>Skugga-Baldri</i>	10%
Fyrirlestur í goðafræði	10%
Verkefni í málsögu	10%
Lokapróf (efni 5. og 6. lotu)	40%

**Áhersla er lögð á að nemendur skili öllum verkefnum en áfanga telst ekki lokið nema nemandi skili a.m.k. heimildaritgerð og taki lokapróf.**

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils